

**Alþingi**Alþingi  
Umhverfisnefnd Alþingis  
150 Reykjavík**Erindi nr. P 132/1734**  
**komudagur 24.4.2006** Reykjavík 21. apríl 2006**Má: Umsögn verkfræðistofunnar Hnits hf. um frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð, 668. mál, heildarlög.****Samantekt umsagnar.**

1. Frumvarpið er ákveðið skref til þess að skerpa á hlutverki hins opinbera á sviði landmælinga og grunnkortagerðar. Þó mætti lagfæra og útfæra skilgreiningar og orðskýringar frumvarpsins mun betur.

2. Frumvarpið tekur engan veginn á því hvernig móta eigi stefnu í grunnkortagerð á Íslandi né afla fjármagns til hennar. Mikilvægt er að taka á þessu máli t.d. með því að setja í lög ákvæði um skyldur stofnuninnar til þess að móta langtímastefnu í grunnkortagerð, sem yrði endurskoðuð á ákveðnu árabili, t.d. fjögurra ára fresti. Þannig væri mögulegt að Alþingi fjallaði um þessa áætlun og þar með væri skapaður farvegur fyrir nauðsynlegar fjárveitingar til grunnkortagerðarinnar, ekki ósvipað og gildir um vegaáætlun, svo dæmi sé tekið, því ljóst er, að reglulegar fjárveitingar til Landmælinga Íslands duga engan veginn til að fjármagna grunnkortagerð af landinu.


Þetta á ekki síst við um kort í smærri mælikvörðum en mælikvarðanum 1:50.000 þ.e. kort í mkv. 1:100.000, fjórðungskortin í mkv. 1: 250.000, kort í mkv. 1:500.000, 1: 750.000 og 1: 1000.000. Allt eru þetta bráðnauðsynleg kort sem hafa verið til meðal þjóðarinnar óralengi og m.a. verið notuð til kennslu í skólum landsins. Þessi kort eru einnig mjög mikilvæg fyrir björgunarsveitir, lögreglu og aðra viðbragðsaðila, þegar vá ber að höndum. Mikil hætta er á að sum þessara korta leggist af þar sem ekki er fyrirsjáanlegt að einkaaðilar geti látið útgáfu þeirra standa undir sér.

3. Mat á kostnaði vegna tekjumissis sértekna er líklega allt of lágt. Gera má ráð fyrir að bæta þurfi stofnuninni tapaðar sértekjur fyrir mun hærri upphæð en 6 milljónir á ári.

4. Ekkert er fjallað um það í frumvarpinu hvað er að gerast á vettvangi Evrópusambandsins samanber INSPIRE tilskipunina. Því þarf að svara í greinargerð a.m.k. hvaða hlutverk LMÍ eiga að hafa í því verkefni (sjá heimasíðu LÍSU samtakanna).

5. Tryggja þarf stofnuninni eðlilega heimild til þess að vinna með einkaaðilum að þeim verkefnum sem henni er ætlað að sinna hverju sinni. Þar þarf að gera ákveðnar kröfur um vönduð vinnubrögð verktaka sem byggja á alþjóðlegum ISO stöðlum.

F.h. verkfræðistofunnar Hnits hf.

  
Guðmundur Björnson framkvæmdastjóri